

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Norðfjarðarvegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999 frá 9. janúar 1981.

Breytingingin varðar eftirfarandi:

Tengingum við Norðfjarðarveg er fækkað úr 6 í 2.

Nausthvammur er stytur og fellur út vestan Hafnarnausts.

Ný gata Naustvegur, komi norðan Nausthvamms.

Legu Leiruvegar er breytt og verður hann stofnvegur að flugvelli.

Gata vestast á svæðinu fellur út.

Svæði fyrir opinberar stofnanir er stækkað til vesturs.

Nýr sjóvarnargarður verði gerður norðan við innsiglingarleið að höfninni. (Framkvæmd þessi er tilkynningarskyld sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, viðauki 2).

Hafnarlaug verði rýmkuð og sjóvarnargarður sunnan innsiglingar mjókkaður.

Bæjarmörk falla út vegna sameiningar sveitarfélaga.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, Akursbraut 9.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995.

Breytingin varðar landnotkun lóðarinnar Akursbraut 9 sem breytist úr iðnaði í blandaða landnotkun verslunar og íbúða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.